

**Nr. 18-044 S 029 Drangey SK 2*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 2893  
*IMO* 9758222  
*Smiðaður:* Tyrkland 2017, stál  
*Útgerð:* FISK-Seafood ehf  
*Stærð:* 2080,78 bt  
*Mesta lengd:* 62,55 m *Skráð lengd:* 58,47 m  
*Breidd:* 13,52 m *Dýpt:* 8,20 m  
*Vél:* YANMAR 1620 kW, 2015  
*Fjöldi skipverja:* 15



Drangey©NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 18. mars 2018 var Drangey SK 2 á togveiðum vestur af Snæfellsnesi. Veður: S 7-9 m/s.

Skipverjar voru að láta trollið fara þegar einn þeirra var að teygja sig niður með hleranum til að laga dauðalegginn sem var óklár og var þá híft í hann um leið. Við þetta klemmdist hendi hans á milli með þeim afleiðingum að hann skarst illa og var siglt með hann til Rifshafnar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að dauðaleggurinn var strekktur niður í sjó þannig að ekki náðist að hengja hann upp í hlerann;
- að spilið sem notað var sem upphalaraspil hélt ekki við þannig að stöðugt þurfti að hífa í dauðalegginn;
- að sögn umboðsaðila spilsins, sem notað var, er það ekki ætlað sem upphalaraspil heldur til að vera á móti gilsaspili og því á það að gefa eftir. Hins vegar var spilið ekki notað sem slíkt;
- að skipverjinn sem stjórnaði spilinu sá ekki hvað skipverjinn á hleranum var að gera en stjórnþökin voru staðsett nokkrum metrum fyrir framan hlerann;
- að sögn vitna hafði slasaði ítrekað beðið um að híft yrði en spilmaðurinn ekki viljað í fyrstu en síðan látið undan og híft;

- að skipverjinn klemmdist á hendinni á milli leggsins og hlerans en sauma þyrfti 50 spor í hönd hans;
- að eftir slysið var lengt í dauðaleggjunum og stjórnökin fyrir upphalaraspilin færð aftar þannig að skipverjarnir á hleranum væru í betri samskiptum sín á milli.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins var að dauðaleggurinn var of stuttur

Við töku veiðafæris þurfa skipverjar að gæta þess að vera ekki með hendur á veiðarfærinu og þá er varkárni mikilvæg ef einhver hluti veiðarfæris er óklár.